

15. Nielsen, Jørgen Carl Christian, bakari í Reykjavík, fæddur 14. apríl 1890 í Danmörku. 29
7. marz
16. Olsson, Bengt Erik, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 9. sept. 1917 í Svíþjóð.
17. Pétur Guðmundsson Breiðfjörð, trésmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1885 á Íslandi.
18. Rannveig Margrét Gísladóttir, sjúkrahússtarfskona í Reykjavík, fædd 6. janúar 1914 á Íslandi.
19. Rödtang, Hans Georg, sjómaður í Reykjavík, fæddur 10. desember 1922 í Noregi.
20. Stengrimsen, Sverre, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 3. júlí 1909 í Noregi. — Réttur þessi tekur ekki til barns hans frá fyrra hjónabandi, Björns, sem er fæddur 8. október 1938.
21. Sæborg, Oddvar Lothar Knud, bifvélavirki í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 á Íslandi.
22. Sörensen, Valdemar Florentinus, umsjónarmaður í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1914 í Danmörku.
23. Teitson, Lillian, bókari í Reykjavík, fædd 3. október 1908 á Íslandi.
24. Thorarensen, Rudolf, nemandi í Reykjavík, fæddur 4. des. 1937 í Þýzkalandi.
25. Thorlacius, Anna Margrét, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 26. ágúst 1924 í Kanada.
26. Thorlacius, Jón, prentari í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1914 á Íslandi.
27. Wagle, Arne Marselius, nemandi í Reykjavík, fæddur 7. marz 1930 í Noregi.
28. Wagle, Henrik Schumann, vélamaður í Reykjavík, fæddur 10. júní 1894 í Noregi.
29. Wagle, Ida Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd 8. apríl 1925 í Noregi.
30. Zakrisson, Isaker Peter, járnsmiður á Drangnesi í Strandasýslu, fæddur 18. febrúar 1887 í Svíþjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

30

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit, og verðlagsdóm, og lögum nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir, vegna atvinnuveganna. 7. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvarðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu.

30
7. marz

2. gr.
Aftan við 20. gr. sömu laga bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

3. gr.

Fyrir orðin „skulu gilda“ í 1. gr. l. nr. 112 1950 kemur: skulu, önnur en 31. gr., gilda.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

31
7. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brof gegn 1. gr. varða sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkn-ingar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.